



# MARKMIÐ

- Að efla áhuga nemenda á fatahönnun.
- Að nemendur geri sér grein fyrir hvernig fatahönnun fer fram og hvernig á að bera sig að við það að hanna föt og fylgihluti.
- Að nemendur geti nýtt sér mismunandi aðferðir textílgreinarinnar til að vinna með eigin hugmyndir<sup>1</sup>.
- Að nemendur fái þjálfun í að móta hugmyndir og fylgja ferlinu frá hugmynd að fullunnu verki<sup>2</sup>.
- Að nemendur skipuleggi eigið vinnuferli, geri skriflega vinnuáætlun og lauslegar skissur að verkefnum sínum<sup>3</sup>.
- Að nemendur geti þróað og endurmetið hugmynd á öllum stigum vinnuferlis<sup>4</sup>.
- Að nemendur tjái sig um samspil lita, efna og forma í textílum og eigin umhverfi<sup>5</sup>.
- Að nemendur geti notað handbækur og gögn greinarinnar<sup>6</sup>.
- Að nemendur fái innsýn í sögu og þróun tískunnar.
- Að nemendur geti beitt verklagi, áhöldum og vélum textílgreinarinnar<sup>7</sup>.
- Að nemendur geti notað möguleika margmiðlunar- og tölvutækni í tengslum við textílvinnu<sup>8</sup>.
- Að nemendur geti leitað sér upplýsinga um textíla og textílvinnu<sup>9</sup>.
- Að nemendur geti nýtt sér orðaforða textílgreinarinnar<sup>10</sup>.
- Að nemendur fái með vettvangsferðum að tengja handverk og hönnun við atvinnuveg og þjóðfélagsvitund.
- Að nemendur venjist sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum<sup>11</sup>.

**Heimildir:** 1. Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, 2007, bls.21. 2. Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, 2007, bls.17. 3. Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, bls.51. 4. Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, 2007, bls. 21. 5. Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, 1999, bls. 51. 6-10. Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, 2007, bls. 21. 11. Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, 2007, bls. 17.